

# Niðurstöður hluthafafundar SKEL fjárfestingafélags hf. sem haldinn var þriðjudaginn 4. nóvember 2025

Hluthafafundur SKEL var haldinn í dag, þriðjudaginn 4. nóvember 2025 í Ballroom B salnum í Reykjavík Edition, Austurbakka 2, 101 Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 16:00. Tillögur þær sem lágu fyrir fundinum má finna á heimasíðu félagsins: <https://skel.is/hluthafar/hluthafafundur-skel>

## 1. Tillaga um fundarstjóra

Hluthafafundur samþykkti að Viðar Lúðvíksson yrði kosinn fundarstjóri fundarins.

## 2. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins

Hluthafafundur samþykkti að arðgreiðsla að fjárhæð kr. 3.000.000.000, sem átti að fara fram þann 20. október 2025 samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins þann 6. mars 2025, færi þess í stað fram þann 5. nóvember 2025. Samkvæmt tillögunni var réttur hluthafa til arðgreiðslunnar áfram (líkt og samkvæmt ákvörðun aðalfundar þann 6. mars 2025) miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 14. október 2025 (arðsréttindadagur). Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hófust með bréf félagsins án réttar til síðari hluta arðgreiðslu, var samkvæmt tillögunni áfram (líkt og samkvæmt ákvörðun aðalfundar þann 6. mars 2025) 13. október 2025.

## 3. Önnur mál

Engin önnur mál voru löglega upp borin á fundinum og var honum slitið.

Önnur gögn frá hluthafafundi aðalfundi má finna á <https://skel.is/hluthafar/hluthafafundur-skel>

\* \* \*

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, forstjóri, [fjarfestar@skel.is](mailto:fjarfestar@skel.is).